



## FUNDARGERÐ SVEITARSTJÓRNAR

Priðjudaginn 25. mars 2014 var fundur haldinn í sveitarstjórn Skagastrandar kl 8.00 á skrifstofu sveitarfélagsins.

Á fundinn voru mætt: Adolf H. Berndsen, Halldór G. Ólafsson, Péturína L. Jakobsdóttir, Jensína Lýðsdóttir, Jón Ólafur Sigurjónsson og Magnús B. Jónsson.

Adolf H. Berndsen oddviti setti fundinn og stjórnaði honum.

### 1. Samþykktir um stjórn og fundarsköp sveitarfélagsins

Á fundi sveitarstjórnar 5. febrúar 2014 voru samþykktir fyrir stjórn og fundarsköp samþykktar. Við yfirferð þeirra í Innanríkisráðuneytinu voru gerðar nokkrar athugasemdir við þær og tillögur að leiðréttingum/breytingum.

Sveitarstjórn ræddi fyrirbyggjandi tillögu að breytingum og fékk skýringar á þeim. Tillagan var samþykkt samhljóða.

### 2. Framkvæmdir

#### a) Fellsborg

Fyrir fundinum lágu uppdrættir og kostnaðaráætlun vegna breytinga á snyrtingum í kjallara og á 1. hæð í Fellsborg ásamt flísalögn á stiga ofl. sem Form – arkitektar höfðu unnið. Samkvæmt kostnaðaráætlun er í heild gert ráð fyrir að breytingar og endurbætur muni kosta 19,2 milljónir. Sveitarstjórn yfirfyrir fyrirbyggjandi gögn og samþykkti að hefja framkvæmdir samkvæmt þeim gögnum sem lágu fyrir fundinum.

Í sjóðstreymi fjárhagsáætlunar er gert ráð fyrir að fjárfesting í Fellsborg geti numið allt að 22 milljónum og því var framkvæmdin innan marka áætlunar.

#### b) Lýsing í skóla

Fyrir fundinum lá áætlun um endurnýjun á lýsingu í Höfðaskóla sem unnin var af Raftækni á Akureyri. Samkvæmt kostnaðaráætlun er gert ráð fyrir að kostnaður við breytingar geti í heild numið 7,7 milljónum. Sveitarstjórn samþykkti að ráðast í framkvæmdina í heild og samþykkti þann viðauka við fjárhagsáætlun að fjárfestingarhreyfingar sjóðstreymis eignasjóðs hækki um 7,7 milljónir sem komi til lækkunar á handbæru fé í árslok.

#### c) Hitaveitutengingar

Fyrir fundinum lá samantekt á áætluðum kostnaði við fasteignir sveitarfélagsins vegna hitaveituvæðingar ásamt kostnaði vegna stuðnings við húseigendur vegna ofnakupa. Kostnaðaráætlun vegna nokkurra eigna vantaði en samantektin var gerð til að skýra nánar hvaða umfang er á umræddum breytingum.



### 3. Fræðslumál:

#### a) Samstarf við Hjallastefnu

Fyrir fundinum lá tillaga að viljayfirlýsingu við Hjallastefnuna ehf. ásamt minnisblaðisem sveitarstjóri hafði samið um stöðu og horfur varðandi Hjallastefnu á Skagaströnd.

Í minnisblaðinu kom m.a. fram:

Frá því sveitarstjórn átti fund með starfsmönnum leikskólans hafa þeir farið í heimsókn á leikskólann Hólmasól á Akureyri. Eftir þau kynni taka starfsmenn hugmyndum um að taka upp Hjallastefnu á jákvæðan hátt. Nokkrum spurningum hefur þó ekki verið að fullu svarað. Í viljayfirlýsingu er því stefnt að samstarfi og samningi við Hjallastefnuna ehf um leikskólann Barnaból.

Eftir að Hjallastefnufólk hafði farið yfir hvort samið yrði um rekstur Hjallastefnugrunnskóla á Skagaströnd var það niðurstaða stjórnar Hjallastefnu að móta frekari hugmyndir um hvort og hvernig samstarf eða samningur verði um grunnskólann áður en ákvörðun verði tekin í þá veru.

Viljayfirlýsing:

Fyrir fundinum lá tillaga að viljayfirlýsingu um samstarf Hjallastefnu og sveitarfélagsins Skagastrandar. Í viljayfirlýsingunni kemur m.a. fram að gerður verði samningur um rekstur leikskólans á miðju ári 2014 og að skoðað verði með starfsfólki og foreldrum skólaárið 2014-2015 hvort grundvöllur sé til að hefja formlegt samstarf um grunnskólann.

Sveitarstjórn yfirfór viljayfirlýsinguna en hún var síðan samþykkt samhljóða.

#### b) Bréf skólastjóra, dags. 19.03.2014

Með bréfinu sækir skólastjóri um heimild til að ráða í 50% viðbótarstöðugildi stuðningsfulltrúa í tvo mánuði sem eftir eru af skólastarfi í vor.

Í bréfinu koma fram röksemdir og tilvísun í niðurstöðu nemendaverndarráðs skólans ásamt áætlun um kostnað.

Sveitarstjórn ræddi erindið en hafnaði því með vísan til þess m.a. hve stutt er eftir af skólaári.

#### c) Erindi Nes listamiðstöðvar dags. 19.03.2014

Með bréfinu óskar stjórnarformaður listamiðstöðvarinnar eftir að stjórnendum skólastofnana sveitarfélagsins verði heimilt að líta á gesti listamiðstöðvarinnar sem íbúa Skagastrandar á meða á dvöl þeirra stendur og að börn sem þeir kunni að hafa með geti sótt skóla eða dvalið á leikskóla til jafns við íbúa með lögheimili. Halldór G. Ólafsson,



stjórnarformaður listamiðstöðvarinnar og bréfitari lýsti vanhæfi sínu til að fjalla um erindið og vék af fundi.

Sveitarstjórn ræddi erindið en afgreiðslu þess var frestað með vísan til þeirrar formbreytingar sem stefnt er að á leikskólanum.

#### 4. Atvinnumál

##### a) Hugmyndasamkeppni um sprotafyrirtæki

Fyrir fundinum lá minnisblað sem sveitarstjóri og Jón Ólafur höfðu samið til að þróa áfram og móta hvernig skyldi staðið að hugmyndasamkeppni um sprotafyrirtæki sem samþykkt var bókun um á fundi sveitarstjórnar 4. sept. sl. Í minnisblaðinu kemur fram að haft hafi verið samband við Katrínu M. Andrésdóttur framkvæmdsatjóra SSNV sem hafi lagt til drög að úthlutunarreglum og umsóknarform sem taka þurfi afstöðu til. Sömuleiðis þurfi sveitarstjórn að móta sýn á hvaða fjármuni skuli leggja í verkefnið. Samþykkt að móta úthlutunarreglur og umsóknarformið og leggja fyrir næsta fund. Jóni Ólafi og Halldóri falið verkefnið í samstarfi við sveitarstjóra.

##### b) Dimension of sound ehf.

Fyrir fundinum lá minnisblað um samskipti við HD hljóðkerfaleiguna sem hefur áhuga á að stofna til samstarfs um fraleiðslu á hljóðkerfum og fer fram á 1 milljón kr. hlutafjárframlag í fyrirtækið Dimension of sound ehf. Meðfylgjandi var einnig greinargerð um verkefnið. Samþykkt að óska eftir fundi með forsvarsmönnum HD hljóðkerfaleigunnar.

#### 5. Bréf:

##### a. UMFÍ, um Landmót UMFÍ 50+ dags. 28. febrúar 2014

Með bréfinu er kynnt að stjórn UMFÍ hafi ákveðið að auglýsa eftir umsóknum frá sambandsaðilum UMFÍ um Landsmót 50+ en viðkomandi sveitarfélag þurfi að samþykkja umsóknir. Meðfylgjandi bréfinu var auglýsing eftir umsóknum um að halda 6. Landsmót UMFÍ 50+ árið 2016. Bréfið var til kynningar.

##### b. UMFÍ um Unglingalandsmót UMFÍ 2017, dags. 28. febrúar 2014

Með bréfinu er kynnt að stjórn UMFÍ hafi ákveðið að auglýsa eftir umsóknum frá sambandsaðilum UMFÍ um Unglingalandsmót UMFÍ sem haldið verði um verslunarmannahelgina 2017. Í bréfinu kemur fram að viðkomandi sveitarfélag þurfi að samþykkja umsóknir. Meðfylgjandi bréfinu var auglýsing þar sem umsóknir óskast til að halda Unglingalandsmót UMFÍ 2017. Bréfið var til kynningar.



- c. Náttúrustofu Norðurlands vestra, dags. 27. febrúar 2014

Bréfið er ritað af Sigríði Magnúsdóttur, formanni stjórnar NNV sem að beiðni sveitarstjórnar Skagafjarðar vill kanna áhuga sveitarstjórnarmanna á Norðurlandi vestra um að koma að starfsemi NNV. Með bréfinu er óskað eftir fundi með sveitarstjórnarmönnum þar sem yrði fjallað um sameiginleg markmið sveitarfélaganna um hvað stofunni er ætlað að gera og kostnaðarskiptingu milli þeirra. Sveitarstjórn ræddi erindi bréfsins og samþykkti að fulltrúar sveitarstjórnar mæti til fundar um málið.

## 6. Fundargerðir

- a. Félags og skólaþjónustu A-Hún, 24.02.2014

Fundargerðin var til kynningar.

- b. Stjórnar Norðurár bs, 26.02.2014

Fundargerðin var til kynningar.

- c. Stjórnar SSNV, 14.10.2013

Fundargerðin var til kynningar.

- d. Stjórnar SSNV, 17.10.2013

Fundargerðin var til kynningar.

- e. Stjórnar SSNV, 21.10.2013

Fundargerðin var til kynningar.

- f. Stjórnar SSNV, 6.11.2013

Fundargerðin var til kynningar.

- g. Stjórnar SSNV, 21.11.2013

Fundargerðin var til kynningar.

- h. Stjórnar SSNV, 5.12.2013

Fundargerðin var til kynningar.

- i. Stjórnar SSNV, 16.12.2013

Fundargerðin var til kynningar.

- j. Stjórnar SSNV, 13.01.2014

Fundargerðin var til kynningar.

- k. Stjórnar SSNV, 23.01.2014

Fundargerðin var til kynningar.



l. Stjórnar Hafnasambands Íslands, 28.02.2014  
Fundargerðin var til kynningar.

m. Stjórnar Sambands ísl. sveitarfélaga, 31.01.2014  
Fundargerðin var til kynningar.

n. Stjórnar Sambands ísl. sveitarfélaga, 28.02.2014  
Fundargerðin var til kynningar.

## 7. Önnur mál

Oddviti greindi frá atvinnumálum sem hafi verið til skoðunar hjá Byggðasamlagi um menningu og atvinnumál.

Til umræðu voru tekin ýmis mál sem varðar samfélagið, samgöngur, höfnina, atvinnumál og hljóðkerfismál í Fellsborg. Ekki voru gerðar sérstakar ályktanir vegna þessara mála.

Jensína Lýðsdóttir vék af fundi kl 11.00

Fleira ekki tekið fyrir fundi slitið kl.12.10

Adolf H. Berndsen,

Halldór G. Ólafsson,

Péturína L. Jakobsdóttir

Jensína Lýðsdóttir,

Jón Ólafur Sigurjónsson

Magnús B. Jónsson